

# Útsvarið og upplýsingar

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2020

Björg Ágústsdóttir
bæjarstjóri
Grundarfjarðarbæjar

# Halli á rekstri gæti orðið um 20 ma.kr. 2020




*Sigurður Á. Snævarr, fjármálaráðstefna sveitarfélaga, 1. okt. 2020*



"In this case, a new high score is not a good thing."

# Útsvar við bankahrunið




***Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga***

*Skýrsla tekjustofnanefndar 2010*

# Grundarfjarðarbær:
# *Leitin að upplýsingunum*

# GRUNDARFJARÐARBÆR, FJÁRHAGSSTAÐA, FORSENDUR HENNAR OG ÚTLIT

**Umsögn um fjárhag Grundarfjarðarbæjar.**

Vífill Karlsson

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

**- DRÖG -**

Skýrsla SSV
Nr. 1 2018
Október 2018

ISSN 1670-7923

SSV
þróun og ráðgjöf




**Mynd 6.11: Útsvarsgrunnur Grundarfjarðarbæjar á íbúa 18-67 2002-2016 gagnvart öðrum sveitarfélögum.**
Unnið upp úr gögnum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands.

# Mynd SSV/VK: Uppruni útsvarstekna Grundarfjarðarbæjar eftir atvinnugreinum

Unnið upp úr gögnum RSK. Landbúnaður er vanáætlaður í tölunum (í raun ekki með) en vægi hans samt mjög lítið.



## Grundarfjarðarbær, sveiflur í staðgreiðslu útsvars

Greidd staðgreiðsla til sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs

| Mánuður | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | Breyting 2018/2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 01 Janúar | 34.407.719 | 33.647.933 | 31.729.629 | 35.421.049 | 38.631.818 | 9,1% |
| 02 Febrúar | 30.792.301 | 32.003.260 | 35.333.690 | 41.252.051 | 39.963.549 | -3,1% |
| 03 Mars | 30.353.677 | 32.300.438 | 33.009.791 | 34.468.860 | 36.203.292 | 5,0% |
| 04 Apríl | 33.037.693 | 33.282.469 | 18.646.517 | 33.720.906 | 35.038.165 | 3,9% |
| 05 Maí | 25.976.456 | 32.424.338 | 37.286.029 | 39.948.611 | 45.476.032 | 13,8% |
| 06 Júní | 29.219.373 | 34.427.263 | 36.922.110 | 37.720.967 | 39.025.688 | 3,5% |
| 07 Júlí | 34.319.422 | 33.888.117 | 37.657.477 | 34.374.596 | 43.913.732 | 27,8% |
| 08 Ágúst | 30.862.901 | 31.171.625 | 33.261.334 | 41.500.527 | 27.877.175 | -32,8% |
| 09 September | 30.301.980 | 28.673.289 | 33.449.449 | 38.047.304 | 49.925.782 | 31,2% |
| 10 Október | 32.560.083 | 33.464.287 | 36.145.482 | 41.189.884 | 32.666.926 | -20,7% |
| 11 Nóvember | 31.104.796 | 36.045.398 | 37.167.331 | 34.553.609 | 44.636.900 | 29,2% |
| 12 Desember | 38.493.331 | 39.245.314 | 39.938.846 | 40.917.665 | 42.210.808 | 3,2% |
| Samtals | 381.429.732 | 400.573.731 | 410.547.685 | 453.116.029 | 475.569.867 | **5,0%** |

| Mánuður | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | Breyting 2019/2020 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 01 Janúar | 33.647.933 | 31.729.629 | 35.421.049 | 38.631.818 | 31.653.247 | -18,1% |
| 02 Febrúar | 32.003.260 | 35.333.690 | 41.252.051 | 39.963.549 | 40.246.120 | 0,7% |
| 03 Mars | 32.300.438 | 33.009.791 | 34.468.860 | 36.203.292 | 40.739.905 | 12,5% |
| 04 Apríl | 33.282.469 | 18.646.517 | 33.720.906 | 35.038.165 | 38.235.493 | 9,1% |
| 05 Maí | 32.424.338 | 37.286.029 | 39.948.611 | 45.476.032 | 41.211.923 | -9,4% |
| 06 Júní | 34.427.263 | 36.922.110 | 37.720.967 | 39.025.688 | 41.439.405 | 6,2% |
| 07 Júlí | 33.888.117 | 37.657.477 | 34.374.596 | 43.913.732 | 35.548.718 | -19,0% |
| 08 Ágúst | 31.171.625 | 33.261.334 | 41.500.527 | 27.877.175 | 43.945.930 | 57,6% |
| 09 September | 28.673.289 | 33.449.449 | 38.047.304 | 49.925.782 | 33.971.190 | -32,0% |
| 10 Október | 33.464.287 | 36.145.482 | 41.189.884 | 32.666.926 | | |
| 11 Nóvember | 36.045.398 | 37.167.331 | 34.553.609 | 44.636.900 | | |
| 12 Desember | 39.245.314 | 39.938.846 | 40.917.665 | 42.210.808 | | |
| Samtals | 400.573.731 | 410.547.685 | 453.116.029 | 475.569.867 | 346.991.931 | **-2,5%** |
| | | 2,5% | 10,4% | 5,0% | | |

# Tekjustofnanefnd 2010

***Einkahlutafélög***

Nefndin benti á að mikil fjölgun einkahlutafélaga á síðustu 19 árum hefur leitt til tekjulækkunar hjá mörgum sveitarfélögum, m.a. við sjávarsíðuna. Lagt var til að við mögulegar skattkerfisbreytingar yrði haft í huga að einstaklingar sem hafa verulegar fjármagnstekjur, t.d. í hlutfalli við útsvar, greiði af öllum tekjum sínum til sveitarfélags.

**From:** Björg Ágústsdóttir <bjorg@grundarfjordur.is>
**Sent:** þriðjudagur, 2. október 2018 23:53
**To:** Vífill Karlsson <vifill@ssv.is>
**Subject:** FW: skyrsla.docx

Sæll Vífill

Voru gögnin komin frá RSK og er eitthvað nýtt úr þessari vinnu?

Með kveðju,

**Björg Ágústsdóttir**
bæjarstjóri

**From:** Vífill Karlsson <vifill@ssv.is>
**Sent:** Friday, September 7, 2018 5:28 PM
**To:** Björg Ágústsdóttir <bjorg@grundarfjordur.is>; Páll Snævar Brynjarsson <pall@ssv.is>
**Subject:** skyrsla.docx

Sæl

Það vantar aðallega tölurnar frá RSK um úr hvaða atvinnugreinum útsvarið kemur og þjónustutekjur GRF. Er ekki kominn með þær tölur til mín ennþá. Svo eitthvað meiri textavinnslu. Það mætti svosem alveg dreifa þessu til fundarmanna með þessum fyrirvara sem drögum (pdf-skjalið).

Kv Vífill

## RE: Skýrsla - gögn

Björg Ágústsdóttir
To Aðalsteinn Þorsteinsson
23. nóv.. 2018

**From:** Björg Ágústsdóttir <bjorg@grundarfjordur.is>
**Sent:** föstudagur, 23. nóvember 2018 08:43
**To:** Aðalsteinn Þorsteinsson <adalsteinn@byggdastofnun.is>
**Subject:** Skýrsla - gögn

Sæll og blessaður Aðalsteinn

Áhugaverð skýrsla –
https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Atvinnutekjur/atvinnutekjur-2008-2017-eftir-atvinnugreinum-og-svaedum.pdf
... ég er að byrja að skoða.

Grundarfjarðarbær hefur verið að skoða hjá sér þróun atvinnutekna / útsvarstekna.
SSV gerði fyrir okkur skýrslu sem ekki hefur verið birt ennþá, en sýnir stöðnun í útsvarstekjum.
Eitt af því sem erfiðast var að ná fram (en ég vildi absólútt geta séð) er útsvarið eða útsvarsstofninn eftir atvinnugreinum.
Væri möguleiki að fá tölur um Grundarfjörð, frá ykkur, þar sem ég býst við að þær séu til niðurbrotnar á einstök sveitarfélög, sbr. myndirnar á bls. 39 ?

Með kveðju,

**Björg Ágústsdóttir**
bæjarstjóri

## RE: Fjarhagur Grundarfjardar i brad og lengd skyrsla.docx

Björg Ágústsdóttir
To Karl Björnsson
Cc Sigurður Ármann Snævarr
19. des.. 2018

Sælir

Takk kærlega fyrir það.

Ég þigg sérstaklega ábendingar um vinkla sem ykkur fyndist vanta inní úttektina/skýrsluna – sem SSV gæti þá mögulega bætt við.
Mér fannst sjálfri vanta að hægt væri að kafa betur ofaní einstakar atvinnugreinar og sjá hverju þær skila í bæjarsjóð – gegnum RSK-gögn þá. Hvernig er t.d. ferðaþjónustan að koma inn – hver er þróun launa og þar með skatttekna okkar í greininni á e-u ára tímabili, mögulega hve margir skattgreiðendur eru á hverju ári og meðaltekjur? ... hið sama gildir um sjávarútveg, sem við teljum að sé að gefa eftir. Við sjáum bara heildarsamhengið, þ.e. hlutfall skatttekna úr hverri grein í heildarskatttekjum bæjarins.

Með kveðju,

**Björg Ágústsdóttir**
bæjarstjóri

# Sveitarfélögin öll:
# *Leitin að upplýsingunum*

| ISAT2008_BALKUR.LYSING |
| --- |
| LANDBÚNAÐUR, SKÓGRÆKT OG FISKVEIÐAR |
| NÁMUGRÖFTUR OG VINNSLA HRÁEFNA ÚR JÖRÐU |
| FRAMLEIÐSLA |
| RAFMAGNS-, GAS- OG HITAVEITUR |
| VATNSVEITA, FRÁVEITA, MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS OG |
| BYGGINGARSTARFSEMI OG MANNVIRKJAGERÐ |
| HEILD- OG SMÁSÖLUVERSLUN, VIÐGERÐIR Á VÉLKNÚNUM |
| FLUTNINGAR OG GEYMSLA |
| REKSTUR GISTISTAÐA OG VEITINGAREKSTUR |
| UPPLÝSINGAR OG FJARSKIPTI |
| FJÁRMÁLA- OG VÁTRYGGINGASTARFSEMI |
| FASTEIGNAVIÐSKIPTI |
| SÉRFRÆÐILEG, VÍSINDALEG OG TÆKNILEG STARFSEMI |
| LEIGUSTARFSEMI OG ÝMIS SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA |
| OPINBER STJÓRNSÝSLA OG VARNARMÁL; |
| FRÆÐSLUSTARFSEMI |
| HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSÞJÓNUSTA |
| MENNINGAR-, ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARFSEMI |
| FÉLAGASAMTÖK OG ÖNNUR ÞJÓNUSTUSTARFSEMI |
| ATVINNUREKSTUR INNAN HEIMILIS, ÞJÓNUSTUSTARFSEMI OG |
| STARFSEMI STOFNANA OG SAMTAKA MEÐ ÚRLENDISRÉTT |
| ÓTILGREIND STARFSEMI |

# UPPGJÖR STAÐGREIÐSLU ÚTSVARS

| | Álagning 2020 v/tekna 2019 | Álagning 2019 v/tekna 2018 | Álagning 2018 v/tekna 2017 | Álagning 2017 v/tekna 2016 | Álagning 2016 v/tekna 2015 |
|---|---|---|---|---|---|
| Álagt útsvar samkvæmt álagningaskrá...... | 244.313.837.100 | 232.232.146.830 | 213.970.310.322 | 192.730.061.069 | 172.199.832.423 |
| Verðbætur á álagt ógreitt útsvar.............. | 189.471.456 | 180.635.871 | 162.398.108 | 148.437.598 | 134.798.263 |
| | 244.503.308.556 | 232.412.782.701 | 214.132.708.430 | 192.878.498.667 | 172.334.630.686 |
| Til innheimtu hjá gjaldendum................. | -7.548.452.054 | -7.195.673.011 | -6.431.390.540 | -5.827.368.671 | -5.260.423.554 |
| Verðbætur á ofgreitt útsvar.................... | -151.921.279 | -141.087.773 | -136.509.523 | -126.387.049 | -118.479.493 |
| | 236.802.935.223 | 225.076.021.917 | 207.564.808.367 | 186.924.742.947 | 166.955.727.639 |
| Greitt sveitarfélögum fyrir álagningu........ | -233.470.816.682 | -221.954.790.595 | -204.823.992.318 | -185.387.482.731 | -166.106.988.155 |
| | 3.332.118.541 | 3.121.231.322 | 2.740.816.049 | 1.537.260.216 | 848.739.484 |
| **Kostnaðarhluti skv. lögum nr. 45/1987** | **-1.184.014.676** | **-1.125.380.110** | **-1.037.824.042** | **-934.623.715** | **-834.778.638** |




*Fjöldi starfandi með lögheimili í Grundarfirði, eftir mánuðum.*
*Hagstofa Íslands, okt. 2020.*

# Útsvarið og lögin

# IV. k. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, m.s.br.

**RÍKISSKATTSTJÓRI**

- 22. gr. Annast álagningu útsvars
- 21. gr. Skattstofn útsvars og tekjuskatts sá sami, ákvarðaður af rsk sem einnig sér um að endurskoða (lækka) stofninn komi til þess, skv. umsókn skattgreiðanda í ákv. tilvikum (65. gr. tekjuskattslaga)
- 26. gr. - Ríkisskattstjóri semur **skrá um álagt útsvar** í hverju sveitarfélagi að lokinni álagningu. Gerir síðan **innheimtuskrá (*Fjársýslan*)** og sendir hana til sv.stjórnar og innheimtuaðila.

**SVEITARFÉLÖGIN**

- 24. gr. Ákvörðun um álagningarprósentu.
- 25. gr. Heimild til að lækka eða fella niður útsvar, skv. umsókn skattgreiðanda, umfram ákvörðun ríkisskattstjóra skv. 65. gr. tekjuskattslaganna.
- 27. gr. Sveitarstjórn getur falið sérstökum innheimtuaðila að **annast innheimtu** útsvara.
- 29. gr. Gjaldandi, sem hefur ofgreitt útsvar til launagreiðanda, getur krafið sveitarstjórn um ofgreiðslu. Skiptir ekki máli hvort launagreiðandi hefur staðið skil á fénu eða ekki.
- 31. gr. Sveitarstjórnir hafa sama rétt og gjaldendur til að kæra útsvarsálagningu til ríkisskattstjóra og áfrýja úrskurðum til yfirskattanefndar.

**From:** [redacted]@rsk.is>
**Sent:** miðvikudagur, 21. ágúst 2019 14:54
**To:** Björg Ágústsdóttir <bjorg@grundarfjordur.is>
**Subject:** FW: Fyrirspurn um framlagningu álagningarskrár einstaklinga 2019

Sæl Björg.

Í 31. gr. laga nr. 4/1995 er ekki mælt fyrir um að sveitarfélag eigi rétt til álagningarskrár. Ef formleg beiðni um álagningarskrá bærist frá sveitarfélagi þá yrði henni væntanlega hafnað.

Svar þetta við fyrirspurn yðar telst ekki vera bindandi álit ríkisskattstj
svarbréfi þessu til ágreinings fyrir skattyfirvöldum verður stuðst við g

**Subject:** SV: Fyrirspurn um framlagningu álagningarskrár einstaklinga 2019

Sæl Björg

Það er ákvörðun ríkisskattstjóra að afhenda engar álagningarskrár eða aðrar persónugreinarlegar upplýsingar um útsvör (útsvarsskrár) til sveitarfélaga. Eftir sem áður mun ríkisskattstjóri vinna þær greiningar sem sveitarfélög kunna að óska eftir um álagt útsvar, enda sé um ópersónugreinanlegar niðurstöður að ræða.

Í 26. gr. laga nr. 4/1995 er gert ráð fyrir því að ríkisskattstjóri geri innheimtuskrá sem send yrði viðkomandi innheimtuaðila. Nú er það svo að Fjársýsla ríkisins annast gerð innheimtuskrár og innheimta opinberra gjalda er á hendi innheimtumanna ríkissjóðs. Útsvarsskrá verður þannig ekki afhent sveitarfélögum á þeim forsendum að þau annist innheimtu útsvara.

Samkvæmt 25. gr. ber ríkisskattstjóra að veita sveitarstjórnum aðgang að skattframtölum þeirra einstaklinga, sem sótt hafa um frekari lækkun en ríkisskattstjóri veitti við álagningu eða niðurfellingu útsvara. Sama gildir við lækkun eða niðurfellingu sveitarstjórnar á útsvörum þeirra sem nutu bóta skv. III. kafla laga um almannatryggingar og lögum um slysatryggingu almannatrygginga. Heimild þessi veitir samkvæmt framansögðu einungis takmarkaðan rétt að skattframtölum þeirra einstaklinga sem um ræðir í hverju tilviki.

Samkvæmt 117. gr. tekjuskattslaga hvílir þagnarskylda á ríkisskattstjóra um það sem komist er að í sýslan starfsmanna embættisins um tekjur og efnahag skattaðila. Óviðkomandi aðilar verða þannig ekki upplýstir um eða þeim afhent gögn, nema til staðar sé umboð viðkomandi eða ákvæði í lögum sem aflétta þagnarskyldu.

Samkvæmt því sem að framan segir verður ekki talið að fyrir liggi ótvíræð heimild til afhendingar útsvarsskrár til sveitarfélaga auk heldur að það samrýmist almennum reglum um gagnaöryggi að þriðja aðila sé afhent gagnasafn, þar sem fram koma persónugreinanlegar upplýsingar um álagða skatta og gjöld íbúa einstakra sveitarfélaga. Þá má minna á að umræddar upplýsingar um álögð útsvör 2019 hafa verið birtar og verið aðgengilegar þann tíma sem lögskipað er.

*Álagningin – skyldur?*
*Innheimtan – skyldur?*
*Persónuvernd – menning/staða?*





*„Hreppsskrifstofan" í Grundarfirði, á 8. áratug síðustu aldar*
*Hreppsnefnd og sveitarstjóri á fundi 1970*

